

## Skýrsla bæjarstjóra

13. júní 2019

- Í síðastliðnum mánuði fóru fram starfsviðtöl við umsækjendur um stöðu félagsmálastjóra og mannauðs- og gæðastjóra eftir að sveitarfélagið auglýsti þessar tvær stöður. Gengið hefur verið frá ráðningu í bæði störfin og var ráðning félagsmálastjóra samþykkt hér áðan af bæjarstjórn. Nýr mannauðs- og gæðastjóri hefur nú þegar hafið störf en fyrst um sinn mun hann sinna vinnunni í fjarvinnu frá Reykjavík. Félagsmálastjóri mun hefja störf þann 1. ágúst. Ég vil nota tækifærið og bjóða þau bæði velkomin til starfa en Erla B. Sigurðardóttir hefur verið ráðin í stöðu félagsmálastjóra og Sverrir Hjálmarsson í stöðu mannauðs- og gæðastjóra.
- Pólski sendiherrann kom í heimsókn á hringferð sinni um landið. Við Bartek byggingarfulltrúi sátum fund með honum sem fólst fyrst og fremst í því að skiptast á upplýsingum. Sendiherrann var sérstaklega ánægður með fyrirhugaða pólsku kennslu í Grunnskóla Hornafjarðar næsta haust og bauð fram aðstoð í formi ráðgjafar og að útvega námsefni.
- Við fengum gesti frá Ystad í Svíþjóð en það er samstarfssveitarfélag okkar í norræna verkefninu um sjálfbæra bæi. Heimsóknin var gagnleg og skemmtileg og vel skipulögð með þéttri dagskrá í tvo daga.
- Ráðstefna um Almannavarnir var haldin á Selfossi. Þema þess var að fjalla um tengsl almannavarna, náttúruvá og skipulag. Ég var með erindi á ráðstefnunni þar sem ég fjallaði um náttúruvá í Örafum. Ráðstefnan var mjög vel heppnuð og vel sótt. Mikið var af áhugaverðum erindum m.a. frá Veðurstofu Íslands, Skipulagsstofnun, nokkrum sveitarfélögum o.fl. Það kom fram að hættumat vegna mögulegs berghlaups í Svínafellsheiði er í vinnslu og eru vísindamenn á réttri leið með útreikninga. Ég ræddi við starfsmenn veðurstofunnar sem gátu ekki gefið nákvæma tímasetningu á því hvenær hættumatið mun verða tilbúið þó er líklegt að það verði á næstu vikum og mánuðum. Þessi tími er erfiður fyrir íbúa og atvinnurekendur á svæðinu því þessar aðstæður hamla framþróun og setur sveitarfélaginu einnig skorður með áframhaldandi skipulagsvinnu. Það er mikilvægt að sýna vinnu starfsmanna veðurstofunnar skilning og vona að niðurstaða liggi fyrir innan fárra vikna.
- Fundir dómnefndar vegna byggingar nýs hjúkrunarheimilis hafa verið reglulegir síðasta mánuðinn mest hef ég náð að sitja fundina heima í gegnum skype sem lukkast ágætlega. Nú liggur niðurstaða dómnefndar fyrir og verður hún kynnt með formlegum hætti í næstu viku, þann 20. júní kl. 15:30 í Nýheimum þangað sem áhugasömum er velkomið að mæta.
- Ég skellti mér í gönguferð á tinda í Suðursveit með Ferðafélagi Íslands laugardaginn 18. maí. Við gengum á Fellsfjall, Miðfellstind og á Veðurárdalsegg. Gangan var mjög skemmtileg og krefjandi en útsýnið hefði mátt vera betra.
- Málþing var haldið um stöðu eldri borgara á Hornafirði þann 22. maí. Málþingið var mjög vel heppnað en fyrirlesarar fluttu fjölbreytt efni um hin ýmsu mál sem tengjast því að eldast. Málþingið var afar vel sótt en í kringum 100 manns sóttu það. Ég vil nota tækifærið og þakka skipuleggjendum fyrir gott utnumhald og Félagi eldri Hornfirðinga fyrir frumkvæðið að því að halda málþingið. Það eru ýmis sóknarfæri fyrir sveitarfélagið í málefnum eldri Hornfirðinga s.s. aukinn stuðningur við tómstundastarf, markvissari heilsuefning, skoða þarf fyrirkomulag Öldungaráðs og huga þarf að húsnaðis uppbyggingu þessa aldurshóps. Í næstu viku verður send út spurningakönnun til íbúa sem hafa náð 50 ára aldri þar sem tilraun er gerð til greina hvernig húsnaði liggur mest á að byggja á næstu árum.

- Ég sótti fund á Selfoss ásamt 6 Hornfirðingum en markmið fundarins var að taka þátt í að móta sóknaráætlun fyrir Samtök sveitarfélaga á suðurlandi til ársins 2024.
- Starfsmaður frá Klöppum, lífrænar lausnir, fundaði með mér og Vigni forstöðumanni Hornafjarðarhafnar. Fyrirtækið býður upp á aðstoð við að halda utan um bókhald tengd sorpi, orkunotkun, mælingar á útblæstri og fleira.
- Sjómannadagurinn var haldinn hátíðlegur. Það blés vel um sjómannahelgina en sólin skein. Hátíðarhöldin fóru fram við höfnina á laugardag og á hótél túninu á sunnudag.
- Forsætisráðuneytið kom í heimsókn til að ræða þjóðlendumál. Þeir fara árlega hringinn í kringum landið til funda með sveitastjórnnum og starfsmönnum sveitarfélaga. Fundurinn var upplýsandi.
- Starfsmenn Íbúðalánasjóðs voru einnig á ferðinni. Þeir funduðu með bæjarfulltrúum og starfsmönnum. Með þeim í för var starfsmaður frá Mannvirkjastofnun. Tilgangurinn var að kynna nýtt hlutverk Íbúðalánasjóðs og kynna Mannvirkjastofnun. Færi gafst til gagnlegra umræðna.

*Matthildur Ásmundardóttir*  
*Bæjarstjóri*